



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Byggingarár húsa á Bíldudal

Unnið fyrir Veðurstofu Íslands

Höfundur
Sólrún Geirsdóttir

Umjón
Harpa Grímsdóttir
Veðurstofa Íslands

2000
NV nr.6-00

Efnisyfirlit

Tilgangur og framkvæmd verkefnisins.....	2
Bíldudalur – söguágrip.....	2
Staðhættir – snjóflóð.....	2
Upphaf verslunar og byggðar.....	3
Íbúapróun.....	3
Skipulagsmál.....	4
Skýringar við kort og húsalista.....	5
Húsalisti.....	6
Húsanafnaskrá.....	15
Þakkir.....	17
Heimildir.....	17

Tilgangur og framkvæmd verkefnis

Greinargerð þessi er unnin fyrir Veðurstofu Íslands. Tilgangurinn er að kortleggja öll hús í þéttbýlinu á Bíldudal og skrá hvenær þau voru byggð, hvar þau stóðu eða standa og hvenær þau sem horfin eru af sjónarsviðinu hurfu og hvernig. Til hliðsjónar var stuðst við sambærilega greinargerð fyrir Ísafjörð og Siglufjörð.

Skoðað var fasteignamat frá 1916, 1932 og 1999 og byggingarártal og eigendur skráðir. Matið frá 1916 og 1932 er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands en matið frá 1999 hjá bæjarskrifstofu Vesturbyggðar. Í öðrum sambærilegum greinargerðum hefur fasteignamatið frá 1970 jafnan verið notað en í þessu tilfalli fannst það ekki. Þess vegna er svólítið langt bil á milli viðmiðunaráranna. Halldór Jónsson, Lönguhlíð 22 á Bíldudal veitti ómetanlega aðstoð við vinnuna. Hann er áhugamaður um gömul hús á staðnum og hefur aflað sér upplýsinga í brunabótaskýrslum, manntölum og víðar. Hann skoðaði skráningu undirritaðrar úr fyrrnefndu fasteignamati og gerði athugasemdir þannig að auðvelt var að para saman hús sem í einu mati báru nöfn en í öðru götuheiti og númer. Ennfremur kortlagði hann húsin og veitti upplýsingar um afdrif þeirra sem horfin eru. Það kom á daginn að oftast en ekki var ósamræmi í aldri húsanna bæði milli fasteignamats og upplýsinga Halldórs og á milli eldra fasteignamats og yngra. Notast er við ártal elsta fasteignamats hverju sinni og annars yfirleitt getið í athugasemdum. Í húsalistanum er ártal Halldórs innan sviga á eftir ártalinu úr elsta fasteignamatinu. Á kortunum er jafnan elsta ártalið.

Bíldudalur – söguágrip

Staðhættir – snjóflóð:

Þéttbýlið Bíldudalur, hluti sveitarfélagsins Vesturbyggðar, stendur utarlega við Bíldudalsvog en hann er syðstur Suðurfjarða sem ganga suður úr Arnarfirði. Fyrir ofan byggðina rís Bíldudalsfjall upp í um 460 m hæð. Upp af byggðinni ganga tvö stór gil, Gilsbakkagil og Búðargil og á milli þeirra þrjú minni gil. Stórar aurkeilur, lítt grónar, eru neðan við stóru gilin tvö og bendir það til mikillar skriðuvirkni. Neðan smærri giljanna eru einnig aurkeilur en mun minni en hinar. Vegna lítillar snjósöfnunar í Bíldudalsfjalli er alla jafna talin lítil hætta á þurrum snjóflóðum þar. Meiri ógn stafar hins vegar af votum flóðum, aurskriðum, krpa- og vatnsflóðum úr giljunum. Þá ber nánast öll fjallshlíðin ofan byggðarinnar þess merki að mikið grjóthrun hafi átt sér stað í gegnum tíðina. Því má segja að allri byggðinni stafi viss hætta af ofanflóðum eða hruni af einhverju tagi. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín í byrjun 18. aldar er getið um að engjar og úthagar á Litlueyri fordjarfast stórlega af skriðum úr fjallinu (Þorsteinn Sæmundsson o.fl. bls. 1). Reyndar heldur Halldór Jónsson því fram að þessi lýsing sé stórlega ýkt, enda hafi menn reynt að draga úr kostum eigna sinna til að lækka álögur á þær. Einhver vísbending er þó alltént í þessu fólgin og ekki rétt að líta fram hjá því. Engin ofanflóð eru skráð á Bíldudal fyrir 1902 og fá fyrr en eftir 1930. Vísbendingar eru þó um að

ekki hafi fallið aftakaflóð úr Búðargili eftir að búseta hófst neðan þess laust fyrir 1700. Sama gildir um Gilsbakkagil en neðan þess er þekkt byggð frá 1890.

Upphaf verslunar og byggðar:

Á Bíldudal var ein af höfnum einokunarverslunar en ýmislegt bendir til þess að áður hafi þýskir kaupmenn stundað þar verslun. Þegar verslunin var gefin frjáls á 18. öld komst Bíldudalsverslun í hendur einkaaðila og hélst svo þótt verslunin skipti um eigendur. Talsverðar sveiflur hafa verið í atvinnulífi Bíldudals og skiptast á hæðir og lægðir í sögu þorpsins.


Sá einstaklingur sem tengist mesta uppgangstímabili staðarins var athafnamaðurinn Pétur J. Thorsteinsson sem keypti verslunina og útgerðina árið 1880. Í lok 19. aldar var atvinnulífið á Bíldudal blómlegra en víðast annars staðar á landinu. Á þeim tíma var mikið framkvæmt, umsvif verslunar, útgerðar og fiskvinnslu jukust til muna og byggðin óx ört. Helstu lægðirnar í athafnalífi Bíldudals voru 1913, 1925-35 og um 1950. Allt frá því í upphafi 19. aldar var stunduð þilskipaútgerð frá Bíldudal og var hún oft á tíðum mjög blómleg. Á sama tíma var saltfiskverkun mikið stunduð og þótti "Bíldudalsfiskur" bera af öðrum íslenskum saltfiski erlendis. Þilskipaútgerðin lagðist endanlega niður árið 1936.

Snemma á 19. öld stóðu myndarleg verslunarhús á Bíldudal ("hin myndarlegustu sem Ebenezer Henderson kvaðst hafa séð á landinu á ferðum sínum 1814-1815"). Þau voru rifin fyrir 1880 (Páll Líndal, bls. 374) en í lok aldarinnar reisti Pétur Thorsteinsson meðal annars verslunar- og íbúðarhús sem var talið ein glæsilegasta bygging sinnar gerðar á landinu, búið ýmsum nútímaþægindum svo sem rennandi vatni og frárennsli (Halldór Jónsson, Bíldudal). Þegar Pétur keypti verslunina á Bíldudal 1880 var þar aðeins eitt íbúðarhús og nokkrir kofar auk húsa verslunnarinnar, en næstu áratugi átti sér stað mikil uppbygging.

Íbúáþróun:

Alla 19. öldina voru íbúar Bíldudals sárafáir en rétt við lok aldarinnar fór að fjölga. Árið 1890 voru íbúar aðeins 30 en 317 árið 1901 en þá fækkaði nokkuð, 1910 voru íbúarnir 285 og 1920 voru þeir 291 og í lok fjórða áratugs 20. aldar voru þeir nokkuð á fjórða hundrað. Árið 1979 voru íbúar Bíldudals og Suðurfjarðahrepps 356 talsins og 1999 bjuggu 291 á Bíldudal. Bíldudalur er sem sagt með stærri þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum um aldamótin 1900 en heldur ekki í við hina staðina hvað fólksfjölgun varðar, eins og t.d. Patreksfjörð þar sem fjölgar jafnt og þétt talsvert fram yfir miðja öldina og Bolungarvík þar sem fjölgar mikið í byrjun aldarinnar og svo eftir 1950. Bíldudalur hins vegar stendur nánast í stað, íbúar eru jafnvel heldur færri í lok 20. aldar en við upphaf hennar.

Athyglisvert er að á Bíldudal eru tiltölulega mörg gömul hús, u.þ.b. helmingur allra húsanna er byggður fyrir 1950. U.þ.b. 40 hús eru frá tímabilinu 1890-1920, u.þ.b. 40 frá 1921-1960, u.þ.b. 40 frá 1961-1980 og 17 frá 1981-1999.



Íbúapróun á Bíldudal 1890-2000

Skipulagsmál

Sakir smæðar staðarins á tímabilinu 1920-40, þegar farið var að skipuleggja bæi vítt og breitt um landið, komst Bíldudalur ekki á blað hjá skipulagsnefndinni á þeim tíma. Því er mikill meiri hluti húsa á Bíldudal byggður án formlegs skipulags. Fyrst var byggt niðri á eyrinni þar sem höfnin og fiskvinslufyrirtækin eru í dag. Verslunar- og fiskvinnsluhúsin standa og hafa staðið niðri á eyrinni en íbúðarhúsin þar fyrir ofan og í báðar áttir, sum niðri við sjóinn en fleiri þó heldur ofar í hlíðinni. Yngtsu húsin í plássinu standa innst við Dalbraut og við götur niður frá henni, götur sem bera nöfn með endingunni –bakki.

Skýringar við kort og húsalista

Kortin sýna hvar hús standa eða stóðu og á hvaða tímabili. Ártölin segja til um hvaða ár viðkomandi hús voru byggð og hvenær þau hurfu af sjónarsviðinu ef þau eru horfin. Stundum eru ártöl óljós. Allar byggingar á snjóflóðasvæðinu sem fundust á uppdráttum og í öðrum gögnum eru á kortunum. Reynt var að setja ártöl við öll íbúðarhús en yfirleitt eru ekki ártöl með skúrum, hjöllum eða geymsluhúsum enda liggja þau sjaldnast á lausu. Í húsalistanum eru oftast en ekki tvö ártöl, fyrst er elsta fasteignamatsárið og innan sviga ártal Halldórs Jónssonar. Á kortunum er jafnan sýnt elsta ártalið. Innan hornaklofa [] kemur síðan hugsanlega ártal húss sem áður stóð á sama stað. Íbúðarhúsnæði er merkt með gulum lit, atvinnuhúsnæði með grænum og hús sem eru horfin eru bleik og skáletruð. Ef horfin hús fundust ekki á neinu korti heldur voru þau teiknuð eftir öðrum heimildum er það gert með bleikri brotinni línu.



Íbúðarhús. Á við öll hús sem búið er í, þótt aðeins sé búið í hluta þess.



Atvinnuhúsnæði, geymsluh., útihús eða hjallur. Hús sem ekki er búið í.



Hús er horfið er af sjónarsviðinu.



Hús er teiknað upp eftir öðrum heimildum en korti.

- * Snjóflóð eða aurskriða hefur fallið á húsið.
- ~ Ártal er óljóst. Dæmi: 1900-1975 ~ Merkir: Húsið var byggt 1900 og hvarf af sjónarsviðinu u.þ.b. 1975.
- ? Ártal óþekkt. Dæmi: ? – 1956 = Byggingarár óþekkt en hvarf 1956.
- + Byggt eða horfið síðar en ártalið segir. Dæmi: 1980+, byggt eftir 1980.
- f. Byggt eða horfið fyrir tiltekið ár. Dæmi: f. 1900 merkir byggt fyrir 1900.

G = Geymsla

H = Hjallur

Ú = Útihús

OV = Orkubú Vestfjarða

Í húsalistanum er húsum raðað eftir stafrófsröð eftir götum og hús sem ekki hafa götuheiti eru skráð með nafni hússins eða svæðisins sem það stendur á. Byggingarárs húsa og eigenda þeirra samkvæmt fasteignamati er getið. Í athugasemdum koma fram ýmsar upplýsingar. Meðal annars afdrif húsa, misræmi í fasteignamati og öðrum heimildum, viðbyggingar, staðsetning og hlutverk húsnæðis ef ekki er um íbúðarhúsnæði að ræða. Í húsalistanum kemur fram á hvaða korti viðkomandi hús er að finna. Oft eru hús á fleiri en einu korti en þó er aðeins gefið upp eitt kortanúmer hverju sinni. Upplýsingar um snjóflóð sem fallið hafa á hús eru fengnar úr snjóflóðaánnál Veðurstofu Íslands og skýrslum snjóathugunarmanna.

Húsanafnaskrá er aftan við húsalistann og þar kemur fram á hvaða blaðsíðu viðkomandi hús er í húsalistanum.

Húsalisti

- Arnarbakki 1** *Kort 1*
 Byggingarár: 1976
 Eigendur: 1999: Matthías Ágústsson
- Arnarbakki 3** *Kort 1*
 Byggingarár: 1975
 Eigendur: 1999: Friðrik R. Ágústsson/
 Ingveldur L. Hjálmarsdóttir
- Arnarbakki 6** *Kort 1*
 Byggingarár: 1976
 Eigendur: 1999: Runólfur Ingólfsson
 Athugasemdir: Bílskúr byggður 1982.
- Arnarbakki 7** *Kort 1*
 Byggingarár: 1977
 Eigendur: 1999: Ottó Valdimarsson
- Arnarbakki 8** *Kort 1*
 Byggingarár: 1987
 Eigendur: 1999: Hreinn Bjarnason
- Brekustígur 1** *Kort 2*
 Byggingarár: 1943 (1942)
 Eigendur: 1999: Ástvaldur H. Jónsson
- Brekustígur 2** *Kort 2*
 Byggingarár: 1948 (1941)
 Eigendur: 1999: Skátafélag Bíldudals
 Athugasemdir: Notað sem félagsmiðstöð
- Brekustígur 3** *Kort 2*
 Byggingarár: 1943 (1941)
 Eigendur: 1999: Guðlaugur Hákon Þórðarson
- Dalbraut 1** *Edinborg Kort 2*
 Byggingarár: 1973 (1901)
 Eigendur: 1916: Bjarni Loptsson kaupmaður,
 1932: Jón Bjarnason kaupmaður, 1999: Jón
 Þórðarson
 Athugasemdir: HJ: Verslun, stækkuð 1973.
 Fyrir utan verslunina stóð sjoppa. Hún var rifin.
 Enn utar stendur nú söluskúr Shell.
- Neðan við Dalbraut 1 “Vanngeymsluhús”**
 Byggingarár: ? *Kort 2*
 Eigendur: 1932: Jón S. Bjarnason
 Athugasemdir: HJ: upphaflega verslun, síðar
 geymsluhús. Flutt burt fyrir fáum árum og gert
 að hesthúsi frammi í dal. Stóð neðan við
 Dalbraut 1.
- Dalbraut 2** *Kort 2*
 Byggingarár: 1966
 Eigendur: 1999: Bíldudalshreppur
 Athugasemdir: Sérhæfð bygging. Grunnskóli.

Dalbraut 4 *Kort 2*
 Byggingarár: 1938 (1939)
 Eigendur: 1999: +Sigmundur Jörundsson

Dalbraut 6 Brautarholt *Kort 2*
 Byggingarár: ? (1904)
 Eigendur: 1916: Jón Jónsson, 1932: Gísli
 Jóhannsson
 Athugasemdir: Rifið fyrir nokkrum árum.

Dalbraut 7 *Kort 2*
 Byggingarár: 1954
 Eigendur: 1999: Hannes Stephensen
 Friðriksson
 Athugasemdir: Á milli Dalbrautar 7 og 9,
 aðeins neðar, stóð hjallur og þar fyrir neðan
 tvær geymslur. Það hefur verið rifið.

Dalbraut 8 *Kort 2*
 Byggingarár: 1967 [1902]
 Eigendur: 1999: Íslandspóstur hf. Bíldudal
 Athugasemdir: Íbúð, símstöð/póstur,
 sérhæfð eign. Áður: Finnshús (eigandi Finnur
 Jónsson) byggt 1902, rifið upp úr 1960.

Dalbraut 9 Steinhús *Kort 2*
 Byggingarár: 1900 (1907)
 Eigendur: 1916: Jón Ólafsson/Kristján A
 Bjarnason, 1999: Haukur Már
 Kristinsson/Guðrún Sigurðardóttir
 Athugasemdir: Fasteignamat 1999: Íbúð
 steipt 1905, geymsla timbur 1900. HJ: Fyrsta
 íbúðarhús úr steinsteypu á Bíldudal, byggt
 1907, geymsla byggð löngu seinna.

Dalbraut 10 (Tröð) eldra húsið *Kort 2*
 Byggingarár: 1956 (1899)
 Eigendur: 1999: Ásdís Ásgeirsdóttir
 Athugasemdir: Áður stóð hér Tröð, byggt
 1899, eigandi 1916 Sigríður Jónsdóttir, 1932
 Guðjón Guðmundsson. Rifið fyrir mörgum
 árum. Núverandi hús var byggt 1956.

Dalbraut 11 *Kort 2*
 Byggingarár: 1965
 Eigendur: 1999: Magnús Kristján Björnsson

Dalbraut 12 Nýibær (Nýabær) *Kort 2*
 Byggingarár: 1979(1981) [1899]
 Eigendur: 1916: Ingibergur Guðmundsson/
 Jón Reyk fjörð, 1932: Kristján Sigurðsson,
 1999: Byggingasjóður Ríkisins
 Athugasemdir: Íbúð 1899, rifið 1979,
 sérhæfð eign byggð 1947, rifið fyrir 1979. HJ:
 segir þessa sérhæfðu eign hafa verið
 viðbyggingu. Núverandi hús byggt 1979, skv.
 mati 1999. HJ segir það byggt 1981, skv .
 upplýsingum húsameistara.

Ofan við Dalbraut 12 **Kort 2**
Byggingarár: ? (1929)
Eigendur: 1999: Byggingarsjóður ríkisins
Athugasemdir: Mat 1999 segir þetta sérhæfða eign byggða 1947. Fasteignamat 1932 segir þetta vera skepnuhús í eigu Hróðmundar Sigurðarsonar. (HJ:Geitahús,byggt 1929.)

Ofan við Dalbraut 12 Hlíð **Kort 2**
Byggingarár: ? (1904)
Eigendur: 1916: Ólafur Guðmundsson 1932: Suðurfjarðahreppur
Athugasemdir: HJ: Óvíst hvenær byggt sem hesthús Péturs Thorsteinssonar en tekið til íbúðar 1904. Löngu rífið.

Dalbraut 13 Sölvahús **Kort 2**
Byggingarár: 1893 (1892)
Eigendur: 1916: Bjarni Teitsson/Sölvi Guðmundsson smiður, 1999: Rækjuver ehf.
Athugasemdir: 1916 tvær íbúðir. Á milli Dalbrautar 13 og 15 stóð smíða- og geymsluhús. Það var rífið fyrir u.þ.b. 20 árum.

Dalbraut 14 **Kort 2**
Byggingarár: 1968
Eigendur: 1999: Hjálmtýr Hrómundsson

* **Dalbraut 15 Hús á Kaldbakka** **Kort 2**
Byggingarár: 1893 (1891)
Eigendur: 1916: Kristján Magnússon/Guðrún Ólafsdóttir, 1932: Marsibil Sigurðsson og fleiri, 1999: Agnar Már Hávarðsson
Athugasemdir: Hjallur byggður 1940. HJ: Næstelsta íbúðarhús fyrir utan hús verslunarinnar. Aurskriða sem féll úr Klofagili þann 22.12.31 braut glugga og olli skemmdum innanhúss. Geymsluskúr stóð fyrir neðan og innan húsið. Hann var rifinn.

Dalbraut 16 **Kort 2**
Byggingarár: 1967
Eigendur: 1999: Guðmundur Friðriksson
Athugasemdir: Hjallur byggður 1936.

Dalbraut 17 **Kort 2**
Byggingarár: 1959
Eigendur: 1999: Ásta Svendsen

Dalbraut 18 **Kort 2**
Byggingarár: 1965
Eigendur: 1999: Ævar Guðmundsson

Dalbraut 19 Vinamót/Vinaminni **Kort 2**
Byggingarár: 1912 (1901)
Eigendur: 1916: Ólafur Bjarnason, 1932: Sigurleifur Vagnsson, 1999: Jón Alfreðsson
Athugasemdir: Íbúð og hjallur.

Dalbraut 20 **Kort 2**
Byggingarár: 1966
Eigendur: 1999: Erna Hávarðsdóttir/Matthías F. Matthíasson

Dalbraut 20A **Kort 2**
Byggingarár: 1974
Eigendur: 1999: Orkubú Vestfjarða
Athugasemdir: Spennistöð.

Dalbraut 21 Lækjamót **Kort 2**
Byggingarár: 1910 (1905)
Eigendur: 1916: Eiðbjörg Jónsdóttir/db. Tómasar Jónssonar, 1932: Sigmundur Kr. Guðmundsson, 1999: Bíldudalshreppur

Dalbraut 22 **Kort 2**
Byggingarár: 1987
Eigendur: 1999: Eiríkur Þórðarson
Athugasemdir: Ofan við Dalbraut 22 stóðu gripahús. Þau voru rifin.

Dalbraut 24 **Kort 1**
Byggingarár: 1963
Eigendur: 1999: Jón Þórðarson/ Pilot ehf.
Athugasemdir: 2 íbúðir (bílskúr 1983)

Dalbraut 25 Bræðraminni **Kort 1**
Byggingarár: 1898
Eigendur: 1916/1932: Kristján Jónsson, 1916: Gísli Jónsson, 1932: Jóhanna Ólafsdóttir, 1999: Svanborg Guðmundsdóttir
Athugasemdir: Geymsla og bílskúr byggð 1980. Áður tvær íbúðir.

Dalbraut 26 **Kort 1**
Byggingarár: 1977
Eigendur: 1999: Margrét G. Einarsdóttir

Dalbraut 27 **Kort 1**
Byggingarár: 1987
Eigendur: 1999: Ingvar Ásgeirsson

Dalbraut 28 **Kort 1**
Byggingarár: 1986
Eigendur: 1999: Gísli Matthíasson/ Lára Þorkelsdóttir

Dalbraut 30 **Kort 1**
Byggingarár: 1977
Eigendur: 1999: Hafliði Magnússon

* **Dalbraut 32** **Kort 1**
Byggingarár: 1954
Eigendur: 1999: Hugmyndabankinn/ Vesturbyggð
Athugasemdir: Tvær íbúðir. Snjóflóð féll inn um eldhúsglugga 13. mars 1969 og eyðilagði innbú. HJ: Fyrir ofan Dalbraut 30-32 stóðu fjárhús. Þau hafa verið rifin.

Dalbraut 33 Hvammur Kort 1**Byggingarár:** ? 1921**Eigendur:** 1932: Gísli Guðmundsson**Athugasemdir:** HJ: Rifið fyrir nokkuð löngu. Hjallur sem stóð þar fyrir innan var einnig rifinn.**Nedán við Dalbraut 33 Litli-Hvammur****Byggingarár:** ?(1925) **Kort 1****Eigendur:** 1932: Jóhanna Kristófersdóttir**Athugasemdir:** HJ: Stóð niðri á bökkunum, niður af Hvammi (Dalbraut 33). Rifið fyrir nokkrum árum.**Dalbraut 34 Kort 1****Byggingarár:** 1940 (1938)**Eigendur:** 1999: Árni Jóhannesson**Athugasemdir:** Hjallur byggður 1945. Hér fyrir ofan stóðu fjárhús. Þau voru rifin.**Dalbraut 35 Gilhagi Kort 1****Byggingarár:** 1910 (1901)**Eigendur:** 1916: Guðmundur Þórðarson, 1932: Jón T. Loftsson, 1999: Lovísa Jónsdóttir**Athugasemdir:** Innan við Gilhaga stóð skepnuhús. Þau voru rifin.**Dalbraut 39 Kort 1****Byggingarár:** 1962**Eigendur:** 1999: Hafdís Rósa Bragadóttir/Hilmar Hauksson**Dalbraut 40 Kort 1****Byggingarár:** 1954 (1934)**Eigendur:** 1999: Óskar Björnsson**Athugasemdir:** Hér fyrir ofan stóð hjallur. Hann var rifinn.**Dalbraut 42 Kort 1****Byggingarár:** 1974**Eigendur:** 1999: Gunnar K. Valdimarsson/Vilborg K. Jónsdóttir.**Dalbraut 43 Gilsbakki Kort 1****Byggingarár:** 1931 (1890)**Eigendur:** 1916/1932: Jón Guðmundsson, 1999: Sigríður Jóh. Óskarsdóttir**Athugasemdir:** H.J.: Byggt 1890, stækkað 1931. Að stofni til elsta íbúðarhús fyrir utan hús verslunarinnar. Ofan við Gilsbakka stóðu skepnuhús. Þau voru rifin fyrir þó nokkru.*** Dalbraut 46 Kort 1****Byggingarár:** 1963**Eigendur:** 1999: Björn Jónsson/ Valdimar Ottósson**Athugasemdir:** Tvær íbúðir byggðar 1963, bílskúr byggður 1988. Þann 28.01.97 féll krapaflóð inn í bílskúrinn og skemmdi innbú. Þann 14.03.98 brotnaði gaflinn á sama skúr í

krapaflóði og krapí flæddi inn.

Dalbraut 50 Kort 1**Byggingarár:** 1967**Eigendur:** 1999: Óskar Magnússon**Dalbraut 54 Kort 1****Byggingarár:** 1975**Eigendur:** 1999: Hlynur V. Björnsson/Guðbjörg K. Harðardóttir**Dalbraut 56 Kort 1****Byggingarár:** 1982**Eigendur:** 1999: Bíldudalshreppur**Dalbraut 58A Kort 1****Byggingarár:** 1974**Eigendur:** 1999: Orkubú Vestfjarða
Athugasemdir: Spennistöð.**Bakkatún við Dalbraut Kort 1****Byggingarár:** 1977**Eigendur:** 1999: Ríkisfjárhirsla(Umráðandi: Prestssetrasjóður)**Eyri við Dalbraut Kort 1****Byggingarár:** 1976**Eigendur:** 1999: Hannes Bjarnason**Gilsbakki 1 Kort 1****Byggingarár:** 1989**Eigendur:** 1999: Húsnæðisnefnd Bíldudals
Athugasemdir: Gilsbakki 1-3: Parhús.**Gilsbakki 2 Kort 1****Byggingarár:** 1979**Eigendur:** 1999: Ýmsir**Athugasemdir:** Fjölbýlishús með 11 íbúðum.**Gilsbakki 3 Kort 1****Byggingarár:** 1989**Eigendur:** 1999: Húsnæðisnefnd Bíldudals
Athugasemdir: Gilsbakki 1-3: Parhús.**Gilsbakki 5 Kort 1****Byggingarár:** 1981**Eigendur:** 1999: Karl Þór Þórisson**Gilsbakki 7 (Nes) Kort 1****Byggingarár:** 1981 (1910)**Eigendur:** 1999: Magnús Jónsson/ Ella Björk Björnsdóttir**Athugasemdir:** HJ: Áður stóð hér Nes, byggð 1910, rifið fyrir nokkrum árum. Eigandi 1916: Jóhann Eiríksson, 1932: Elísabet Árnadóttir.**Gilsbakki 8 Kort 1****Byggingarár:** 1981**Eigendur:** 1999: Jón Þórðarson

Grænibakki 2 **Kort 1**
Byggingarár: 1979
Eigendur: 1999: Árni Friðjón Árnason/ Arna Mjöll Karlsdóttir

Grænibakki 3 **Kort 1**
Byggingarár: 1975
Eigendur: 1999: Andrés Þ. Garðarsson

Grænibakki 4 **Kort 1**
Byggingarár: 1975
Eigendur: 1999: Guðrún Ólöf Sigurðardóttir

Grænibakki 5 **Kort 1**
Byggingarár: 1975
Eigendur: 1999: Torfi Ragnar Vestmann/
 Gyða Hrönn Einarsdóttir

Grænibakki 6 **Grænibakki**
Byggingarár: 1950 (1896) **Kort 1**
Eigendur: 1916: Júlíus Nikulásson/Jón Ísleifsson, 1932: Ás. Júlíus Nikulásson, 1999: Arnar Þórðarson/Guðrún Valdimarsdóttir
Athugasemdir: H.J.: Byggt 1896, endurbyggt og stækkað 1950.

Grænibakki 7 **Kort 1**
Byggingarár: 1975
Eigendur: 1999: Jón Brands Theódórs

Grænibakki 8 **Kort 1**
Byggingarár: 1975
Eigendur: 1999: Þóra María Matthíasdóttir

Hafnarbraut 2 **Kort 2**
Byggingarár: 1950 [1894]
Eigendur: 1999: Hafnarsjóður Vesturbyggðar
Athugasemdir: Hafnarbraut, verslun, íbúð. Nokkurn veginn sama á sama stað stóð "Kaupmannshús" Péturs Thorsteinssonar sem var talið eitt glæsilegasta íbúðar- og verslunarhús þess tíma, byggt 1894, brann 1929.

Ofan v. Hafnarbr. 2 Gömul sölubúð Kort 2
Byggingarár: ? (1860) [byrjun 17. aldar]
Eigendur: 1916: Verzlun HB Stephensen
Athugasemdir: Fasteignamat 1916: Búð og tveir áfastir skúrar, mjög hrörlegt. (Þrjú hús) HJ: Byggt upp úr gömlu verslunarhúsi Einoknarverslunarinnar frá byrjun 17. aldar, endurbyggt um 1860, brann 1929.

Neðan við Hafnarbraut 2 Bryggjuhús
Byggingarár: ? [Fyrir 1900] **Kort 2**
Eigendur: 1916: Verzlun H.B. Stehensen
Athugasemdir: Fasteignamat 1916: Vörugeymsluhús, áfastur skúr. HJ: Stóð niður við höfnina, niður af Hafnarbraut 2; mun vera byggt fyrir 1900, rífið á 7. áratugnum. Upp úr 1960 voru beitningarskúrar byggðir á

sama stað. Þeir voru rífnir.

Hafnarbraut 6 Björnshús/Sólheimar
Byggingarár: 1907 (1901) **Kort 2**
Eigendur: 1916: Jón Benediktsson/Magnús Jónsson; 1932: Magnús Jónsson/Jón Maran, 1999: Sigurbjörg Halldórsdóttir/ Örn Gíslason
Athugasemdir: Tvær íbúðir og hjallur (1910)

Hafnarbraut 8 **Kort 2**
Byggingarár: 1954
Eigendur: 1999: Smári Bent Jóhannsson
Athugasemdir: Íbúð og sérhæfð eign.

Hafnarbraut 10 Smíðahús Kort 2
Byggingarár: 1935 [Fyrir 1916]
Eigendur: 1916/1932: Gísli Jóhannsson bátasmiður, 1999: Lás ehf.

Athugasemdir: Bifreiðaverkstæði. Fasteignamat 1999 segir byggt 1935 er þó í mati bæði 1916 og 1932. Fyrir innan Hafnarbraut 10 stóð íbúðarskúr sem gekk undir nafninu Dimmalimm. Löngu rífnir.

Hafnarbraut 10A **Kort 2**
Byggingarár: 1950
Eigendur: 1999: +Kristján Pálsson
Athugasemdir: Geymsla.

Hafnarbraut 12 **Kort 2**
Byggingarár: 1998
Eigendur: 1999: Gísli Matthíasson
Athugasemdir: Iðnaðarhúsnæði.

Hafnarbraut 12A **Kort 2**
Byggingarár: 1905
Eigendur: 1999: Benedikt Benediktsson
Athugasemdir: Sérhæfð eign. HJ: Tilheyrir Hafnarbraut 16, sömu eigendur.

Hafnarbraut 14 Steinhús/Orrastaðir
Byggingarár: 1912 (1910) **Kort 2**
Eigendur: 1916/1932: Guðmundur Þorsteinsson 1999: Viðar Friðriksson
Athugasemdir: Bílskúr byggður 1945. HJ: Annað íbúðarhús úr steinsteypu á Bíldudal.

Hafnarbraut 16 Þorbergshús
Byggingarár: 1905 (1894) **Kort 2**
Eigendur: 1916: Pétur Bjarnason/Þorbergur Guðmundsson, 1932: Þorbergur Guðmundsson/Hermann Friðriksson, 1999: Benedikt Benediktsson

Hafnarlóð **Kort 2**
Byggingarár: 1950
Eigendur: 1999: Olíudreifing ehf.
Athugasemdir: Geymsla, dæluhús, hafnarlóð; 1950-1991. Þessir skúrar og tankar voru rifnir fyrir einu til tveimur árum og nú stendur aðeins einn skúr við bryggjusporðinn.

*** Hápennistöð** **Kort 2**
Byggingarár: 1958
Eigendur: 1999: Orkubú Vestfjarða
Athugasemdir: Spennistöð, uppi í hlíðinni. Tjón varð á aðveitustöðinni í flóði þann 26.01.81

Kirkjutorg **Bíldudalskirkja**
Byggingarár: 1906 (1905) **Kort 2**
Eigendur: 1916: Suðurfjarðahreppur, 1999: Bíldudalskirkja
Athugasemdir: Kirkja. Fyrsta hús byggt úr steinsteypu á Bíldudal.

Kríubakki 3 **Kort 1**
Byggingarár: 1980
Eigendur: 1999: Jón Sigurður Bjarnason

Kríubakki 4 **Kort 1**
Byggingarár: 1975
Eigendur: 1999: Guðmundur Sævar Guðjónsson

Langahlíð 1 **Kort 2**
Byggingarár: 1978
Eigendur: 1999: Landsbanki Íslands, byggingadeild
Athugasemdir: Banki.

Langahlíð 3 **Gimli** **Kort 2**
Byggingarár: 1900 (1908)
Eigendur: 1916/1932: Guðmundur Ólafsson, 1999: Daðína Ásgeirsdóttir

Langahlíð 4 **Kort 2**
Byggingarár: 1977 (1971)
Eigendur: 1999: Sverrir Garðarsson

Langahlíð 4 **Kort 2**
Byggingarár: 1943
Eigendur: 1999: Sverrir Garðarsson
Athugasemdir: HJ: Hjallur. Tilheyrði Tjarnarbraut 3. (Nú eign G.K. Garðarssonar)

Langahlíð 5 **Kort 2**
Byggingarár: 1977
Eigendur: 1999: Guðmundur Ásgeirsson

Langahlíð 6 **Kort 2**
Byggingarár: 1943
Eigendur: 1999: Gunnar Karl Garðarsson

Langahlíð 7 **Kort 2**
Byggingarár: 1947 (1946)
Eigendur: 1999: +Björn M. Magnússon
Athugasemdir: Bílskúr byggður 1949.

Langahlíð 8 **Kort 2**
Byggingarár: 1943
Eigendur: 1999: Jón Ingimarsson

Langahlíð 9 **Kort 2**
 Sjá Lönguhlíð 26

Langahlíð 10 **Kort 2**
Byggingarár: 1945 (1944)
Eigendur: 1999: Einar Th. Guðmundsson/
 Ingibjörg Friðriksdóttir
Athugasemdir: Tvær íbúðir.

Langahlíð 12 **Kort 2**
Byggingarár: 1941 (1945)
Eigendur: 1999: Páll Ágústsson/ Elínborg A. Benediktsdóttir

Langahlíð 18 **Árnahús** **Kort 2**
Byggingarár: 1904 (1897)
Eigendur: 1916/1932: Samúel Pálsson skósmiður/Árni Kristjánsson, 1999: +Kristján Pálsson
Athugasemdir: Tvær íbúðir áður. Geymsla og sérhæfð eign byggt 1936.

*** Langahlíð 20** **Kort 2**
Byggingarár: 1940 (1938)
Eigendur: 1999: Páll Kristjánsson
Athugasemdir: Bílskúr og hjallur byggð 1945. Þann 30.12.71 féll steinn inn í húsið og mólbraut rúm sem hann lenti í. Steininum var hleypt niður í kjallara hússins og er þar.

Langahlíð 21 **Steinhús** **Kort 2**
Byggingarár: 1900 (1902)
Eigendur: 1916: Guðrún Friðriksdóttir/Jón Jónsson, 1932: Guðríður Þórðardóttir/Jón Jónsson, 1999:+Kristján Pálsson
Athugasemdir: Tvær íbúðir áður. Hjallur, byggður 1900, geymsla byggð 1930.

Langahlíð 22 **Kort 2**
Byggingarár: 1904 (1895)
Eigendur: 1916: Jón Eiríksson/Kristinn Kjartansson, 1932: Eiríkur Eiríksson, 1999: Rósa Magnúsdóttir
Athugasemdir: Hjallur byggður 1944.

Langahlíð 24 Brekka (símstöð)
Byggingarár: 1903 (1897) **Kort 2**
Eigendur: 1916: Bjarni Loptsson kaupmaður
 1932: Suðurfjarðahreppur, 1999: Einir Steinn
 Björnsson
Athugasemdir: Fyrsta símstöðin á Bíldudal.
 Nú íbúð.

Langahlíð 26 Hólmarahús/Ásgarður
Byggingarár: 1905 (1901) **Kort 2**
Eigendur: 1916: Verzlun H.P. Stephensen,
 1932: Bjarni Friðriksson, 1999: Logi Snær
 Ólafsson/Gunn Jacobsen
Athugasemdir: Þetta hús stóð áður við hlið
 Lönguhlíðar 7 (hefur þá verið Langahlíð 9).
 Árið 1904 að því er talið féll snjóflóð úr
 Búðargili og skekkti þetta hús á grunni. Það
 var þá í kjölfarið flutt á núverandi stað. Líklega
 miðast ártalið í fasteignamat (1905) við þann
 tíma en H.J. segir húsið byggt 1901.

Langahlíð 27 Ásgeirshús
Byggingarár: 1904 (1896) **Kort 2**
Eigendur: 1916: Ásgeir Ásgeirsson, 1932:
 Ólafur Jóhannsson 1999: Páll Magnússon
Athugasemdir: Íbúð 1904, tvö fjárhús 1937,
 hlaða 1970; sambyggt Lönguhlíð 29.

Langahlíð 29 **Kort 2**
Byggingarár: 1904 (1896)
Eigendur: 1916: Jón Benediktsson, 1932: Jón
 Jóhannsson, 1999: Magnús Halldórsson/
 Dagbjört Bjarnadóttir
Athugasemdir: Sambyggt Lönguhlíð 27.

Langahlíð 31 Kristjánshús
Byggingarár: 1904 (1896) **Kort 2**
Eigendur: 1916/1932: Kristján Kristjánsson,
 1999: Jakob Grétar Hauksson
Athugasemdir: Sambyggt Lönguhlíð 33.

Langahlíð 32 Maríuhús **Kort 2**
Byggingarár: 1899 (1898)
Eigendur: 1916/1932: María Bjarnadóttir
Athugasemdir: Brennt fyrir nokkrum árum.

Langahlíð 33 **Kort 2**
Byggingarár: 1904 (1896)
Eigendur: 1916: Albert Þorvaldsson, 1932:
 Guðmundur Björnsson, 1999: Eiríkur
 Björnsson
Athugasemdir: Sambyggt Lönguhlíð 31.

Langahlíð 34(36) Verbúð/Sjóbúð
Byggingarár: 1896 **Kort 2**
Eigendur: 1916: Verzlun HB Stephensen
 1932: Ágúst Sigurðsson, 1999: Dagbjört Jóna
 Bjarnadóttir

Langahlíð 38 **Kort 2**
Byggingarár: 1940 (1943)
Eigendur: 1999: Gunnar Karl Garðarsson

* **Langahlíð 43 Jaðar** **Kort 2**
Byggingarár: 1945 (1894)
Eigendur: 1916: Ingibjörg Sigurðardóttir,
 1932: Jón Magnússon, 1999: Theodór, Edda
 og Jóna Jónsbörn
Athugasemdir: Fasteignamat 1999: Íbúð
 1945, hlaða 1952. HJ: Byggt 1894,
 endubyggt 1945. Í maí 1937 féll skriða á
 Jaðar en olli ekki teljandi tjóni

Olíuverzlunin (Esso) **Kort 2**
Byggingarár: 1967
Eigendur: 1999: Olíudreifing ehf.
Athugasemdir: Olíutankur reistur 1967,
 geymsla byggt 1987.

Rafstöð O.V. (Við höfnina) **Kort 2**
Byggingarár: 1948
Eigendur: 1999: Orkubú Vestfjarða
Athugasemdir: Sérhæfð bygging. Sambyggt
 Strandgötu 1.

Smiðjustígur 1 Verkstjórahús
Byggingarár: 1900 (1898) **Kort 2**
Eigendur: 1916: Verzlun HB Stephensen,
 1932: Ágúst Sigurðsson, 1999: Hallgrímur
 Oddsson

Smiðjustígur 2 Smiðja **Kort 2**
Byggingarár: 1895 (1896)
Eigendur: 1916: Verzlun HB Stephensen,
 1932: Ágúst Sigurðsson, 1999: Lás ehf.
Athugasemdir: Smiðja, iðnaðarhús.

Við hlið Smiðjustígs 2 Verzlunarhús
Byggingarár: ? (Fyrir 1937) **Kort 2**
Eigendur: 1932: Magnús G. Guðmundsson
Athugasemdir: HJ: Byggt 1937 sem
 viðbygging við eldra verzlunarhús sem óvíst er
 hvenær var byggt. Tilheyrði síðar
 Kaupfélaginu. Þar við hliðina stóð einnig
 geymsluhús. Hvort tveggja rífið á að gíska um
 1960. Stóð fyrir utan Smiðjustíg 2, ofan við
 gömlu sölubúð. H.B. Stephensen.

Upp af Smiðjustíg 2 Hlaða **Kort 2**
Byggingarár: ?
Eigendur: 1916: Verzlun H.B. Stephensen
Athugasemdir: Hlaða og fjós (áfast). Byggt
 af Pétri Thorsteinsson nokkru fyrir aldamót,
 rífið á 5. áratugnum. Út og upp af Smiðjustíg 2.

Strandgata 1 **Kort 2**
Byggingarár: 1936
Eigendur: 1999: Rauðfeldur ehf, Vesturbyggð
Athugasemdir: Iðnaðarhúsnæði byggt 1936,1942,1962 og 1986.

Strandgata 1 Brauðgjörðarhús
Byggingarár: ? (1893) **Kort 2**
Eigendur: 1916: Verzlun H B Stephensen
Athugasemdir: HJ: Rifið 1976.

Strandgata 1-3 Langiskúr **Kort 2**
Byggingarár: ? (Fyrir 1900)
Eigendur: 1916: Verzlun HB Stephensen,
Athugasemdir: HJ: Líklega byggt fyrir 1900, rifið nýlega.

Strandgata 2 **Kort 2**
Byggingarár: 1938
Eigendur: 1999: Rauðfeldur ehf./ Vesturbyggð
Athugasemdir: Iðnaðarhúsnæði byggt 1938 og 1987. HJ: Byggingarár óvíst. Stækkað á steiptum grunni 1942.

Strandgata 4 **Kort 2**
Byggingarár: 1962
Eigendur: 1999: Bíldudalshreppur
Athugasemdir: Þetta var vigtarhús, stendur nú ónotað.

Strandgata 5 Barnaskólahús
Byggingarár: 1906 (1901) **Kort 2**
Eigendur: 1916: Suðurfjarðahreppur, 1999: Bíldudalskirkja/ Vörn, verkalyðsfélag
Athugasemdir: Skólahús. Nú safnaðarheimili.

Strandgata 6 Svalborg **Kort 2**
Byggingarár: 1906 (1894)
Eigendur: 1916: Verzlun HB Stephensen, 1932: Pjetur Bjarnason 1999: Pétur Bjarnason
Athugasemdir: Nú sumarbústaður (Pétur Bjarnason núverandi eigandi segir byggt 1892).

Strandgata 7 Baldurshagi **Kort 2**
Byggingarár: 1901-03
Eigendur: 1916/1932: Guðmundur Sigurðsson, kaupmaður
Athugasemdir: HJ: Byggingarár óvíst, gæti verið 1901-03 eins og fasteignamat segir. Byggt sem samkomuhús af Góðtemplurum. 1916: Verslun og íbúð. Rifið á 8. áratugnum.

Strandgata 7(9) **Kort 2**
Byggingarár: 1938
Eigendur: 1999: Þórður Jónsson ehf.
Athugasemdir: HJ: Byggt 1938 sem rækjuvinnsla, breytt í sláturhús 1975, nú

saltfiskverkun. Ætti að vera Strandgata 9 vegna Baldurshaga, sem stóð á móti Strandgötu 6.

Strandgata 9(11) **Kort 2**
Byggingarár: 1971 [1890]
Eigendur: 1999: Rækjuver ehf.
Athugasemdir: Rækjuvinnsla 1971, iðnaðarhús 1980. Áður stóð hér fiskvinnsluhús byggt fyrir 1890, brann 1933. (HJ: á að vera nr. 11)

Strandgata 10-12 (8) (Fiskþvottahús) Kort 2
Byggingarár:1982 (Fyrir aldamót)
Eigendur: 1916: Verzlun HB Stephensen, 1932: Ágúst Sigurðsson, 1999: Þórður Jónsson ehf.
Athugasemdir: Iðnaðarhús. HJ: Á að vera nr. 8. HJ: Þetta hús var byggt í lok 19 aldar. Stækkað u.þ.b.um helming 1950. Um 1980 brann u.þ.b. helmingur af stækkuninni og var rífinn burtu.

Strandgata 13 Íshús og frystihús **Kort 2**
Byggingarár: ? (1896)
Eigendur: 1916: Verzlun HB Stephensen, 1932: Ágúst Sigurðsson
Athugasemdir: Rifið 1937 eða 1938. (U.þ.b. Strandgata 13). HJ: Íshús byggt 1896. Stóð fyrir meðan Tjarnarbraut 19.

Strandgata 13(12) **Kort 2**
Byggingarár: 1993
Eigendur: 1999: Pilot ehf.
Athugasemdir: Fiskverkun. HJ: Hlýtur að eiga að vera Strandgata 12, því það stendur neðan götunnar. Skrifstofa Vesturbyggðar: Stendur við enda götunnar, getur bæði verið 12 og 13.

Strandgata 16(14) **Kort 2**
Byggingarár: 1956
Eigendur: 1999: Þiljur ehf, útgerðarfélag
Athugasemdir: Iðnaðarhúsl, byggt sem sláturhús, nú fiskvinnsla. HJ: Á að vera Strandgata 14 en ekki 16.

Sæbakki **Kort 1**
Byggingarár: 1920 (1930)
Eigendur: 1932: Reinald Kristjánsson, 1999: Bergljót Gunnarsdóttir
Athugasemdir: Fasteignamat 1932: Íbúð byggð 1920; útihús, hjallur og geymsla byggð 1944; sérhæfð bygging 1977. HJ: Byggt 1930. Nú sumarhús (líka útihúsin). (Kallað Bót-litla í fasteignamati 1932.)

Sæbakki 2 **Kort 1**
Byggingarár:1975
Eigendur: 1999: Jakob Kristinsson

Sæbakki 4 **Kort 1**
Byggingarár: 1985
Eigendur: 1999: Vestubbyggð
Athugasemdir: Tvær íbúðir.

Sæbakki 6 **Kort 1**
Byggingarár: 1975
Eigendur: 1999: Kristján H. Kristinsson

Sæból **Kort 1**
Byggingarár: 1938 (1940)
Eigendur: 1999: Þröstur Leó Gunnarsson
Athugasemdir: Geymsla. Innan við Sæból stóð bátanaust fyrir kappróðrabáta. Löngu rífið.

Sæbót (Bót) **Kort 1**
Byggingarár: 1916 (1923)
Eigendur: 1932: Friðrik Sveinsson, 1999: Unnsteinn V. Gunnarsson
Athugasemdir: Fasteignamat 1999: Geymsla. HJ: Síðasta íbúðarhús byggt úr torfi og grjóti 1923. Síðar steipt eitthvað. Nú sumarhús.

Sælundur **Kort 1**
Byggingarár: 1898 (1904)
Eigendur: 1916/1932: Guðmundur Þórðarson/Valdemar Bjarnason, 1999: Jón Gunnarsson/ Nanna Sjöfn Pétursdóttir
Athugasemdir: Íbúð 1898, tvær geymslur 1940. Áður tvær íbúðir.

Sælundur 3 **Kort 1**
Byggingarár: 1983
Eigendur: 1999: Sigurður H. Brynjólfsson

Tjarnarbraut 1 **Kort 2**
Byggingarár: 1940 (1939)
Eigendur: 1999: Ágúst Gíslason

Tjarnarbraut 2 Læknishús **Kort 2**
Byggingarár: 1897 (1894)
Eigendur: 1916/1932: Þorbjörn Þórðarson, læknir; 1999: Veitingastofan Vegamót ehf.
Athugasemdir: Nú gísthús (hluti byggður 1987), áður íbúð.

Tjarnarbraut 3 **Kort 2**
Byggingarár: 1940 (1939)
Eigendur: 1999: Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið/ Heilsugæslustöð Patreksfjarðar
Athugasemdir: Heilsugæsla og íbúð.

Tjarnarbraut 4 **Kort 2**
Byggingarár: 1944
Eigendur: 1999: Félagsheimili Bílddælinga
Athugasemdir: Félagsheimili.

Tjarnarbraut 5 **Kort 2**
Byggingarár: 1946 (1943)
Eigendur: 1999: Jón Kristján Ólafsson
Athugasemdir: Tvær íbúðir.

Tjarnarbraut 7 **Kort 2**
Byggingarár: 1943 (1944)
Eigendur: 1999: Sigmundur Friðriksson

Tjarnarbraut 8 **Kort 2**
Byggingarár: 1976
Eigendur: 1999: Bíldudalshreppur
Athugasemdir: Fasteignamat 1999: Raðhús. HJ: Slökkvistöð.

Tjarnarbraut 9 **Kort 2**
Byggingarár: 1935 (1946)
Eigendur: 1999: Óskar Björnsson/ Benedikt Benediktsson
Athugasemdir: Tvær íbúðir.

Tjarnarbraut 10 **Kort 2**
Byggingarár: 1935 (1933)
Eigendur: 1999: María Guðbrandsdóttir
Athugasemdir: Tvær íbúðir.

Tjarnarbraut 11 **Kort 2**
Byggingarár: 1981
Eigendur: 1999: Bíldudalshreppur
Athugasemdir: Barnagæsla.

Tjarnarbraut 17 Valhöll **Kort 2**
Byggingarár: 1896 (1898)
Eigendur: 1916: Verzlun HB Stephensen, 1932: Ágúst Sigurðsson, 1999: Jón Halldórsson
Athugasemdir: Íbúð 1896, sérhæfð eign byggð 1940 (Hjallur). (HJ: skepnuhús byggt löngu fyrir 1940, brunnið). Hér var prentsmiðja sú sem Pétur Thorsteinsson fékk til landsins. Nú stendur bílskúr við húsið, byggður 1998. Fyrir innan Valhöll stóð hús sem byggt var fyrir refarækt. Það var rífið.

Tjarnarbraut 18A **Kort 2**
Byggingarár: 1985
Eigendur: 1999: Orkubú Vestfjarða
Athugasemdir: Sérhæfð eign.

Tjarnarbraut 19 Glaumbær **Kort 2**
Byggingarár: 1898 (1894)
Eigendur: 1916: Verslun HB Stephensen, 1932: Árni Guðmundsson/Magnús Jónsson, 1999: Garðar Jörundsson/ Ásdís Guðmundsdóttir
Athugasemdir: Tvær íbúðir 1898, geymsla 1940. Byggt fyrir aðkomuverkafólk. Þrír geymsluskúrar stóðu hér fyrir innan. Nú er aðeins einn eftir, hinir voru rifnir.

Tjarnarbraut 21A **Kort 2**
Byggingarár: 1940
Eigendur: 1999: Benedikt Benediktsson
Athugasemdir: Geymsla.

Tjarnarbraut 27A **Kort 2**
Byggingarár: 1940
Eigendur: 1999: Logi Snær Ólafsson/Gunn Jacobsen
Athugasemdir: Bílskúr.

Tjarnarbraut 29A **Kort 2**
Byggingarár: 1940
Eigendur: 1999: Páll Magnússon
Athugasemdir: Geymsla.

Við bryggjusporðinn "Muggs"-hús
Byggingarár: ? (1898) **Kort 2**
Eigendur: 1916: Verzlun HB Stephensen, 1932: Ágúst Sigurðsson
Athugasemdir: HJ: Stóð í fjörunni neðan við Strandgötu 2, byggt sem saltfiskverkunahús, brann kringum 1980.

Við Lækinn Vélahús Kort 2
Byggingarár: ?
Eigendur: 1916: Verzlun HB Stephensen, 1932: Ágúst Sigurðsson
Athugasemdir: HJ: Óvíst; gæti verið hús sem stóð rétt utan við lækinn, fram og niður af Smiðjustíg 1, yfir gufuknúnu spili Péturs Thorsteinssonar, þá eflaust byggt nokkuð fyrir 1900. Rifið.

*** Fjárhús ofan Lönguhlíðar 18 Kort 2**
Byggingarár: 1940-50
Eigendur: Hafliði Eiríksson
Athugasemdir: Fór í snjóflóði þann 22. janúar 1983. Þetta hús er ekki í neinu fasteingamatinu, þar sem gloppa er milli 1932 og 1999.

*** Útihús ofan Lönguhlíðar - Upp af Tjarnarbr. 19**
Byggingarár: Eftir 1960 **Kort 2**
Eigendur:
Athugasemdir: Byggt sem hænsnahús, síðar notað sem fjárhús. Fór í snjóflóði þann 22. janúar 1983. Þetta hús er ekki í neinu fasteingamatinu, þar sem gloppa er milli 1932 og 1999.

*** Fjárhús ofan Lönguhlíðar 18 – upp af Tjarnarbraut 17-19 Kort 2**
Byggingarár: U.þ.b. 1950
Eigendur: Jón Jóhannesson
Athugasemdir: Fór í snjóflóði þann 22. janúar 1983. Þetta hús er ekki í neinu fasteingamatinu, þar sem gloppa er milli 1932 og 1999.

*** Smíðahús "Gullhamar" ofan Lönguhlíðar Upp af Tjarnarbraut 17 Kort 2**
Byggingarár: U.þ.b. 1960 **Kort 2**
Eigendur:
Athugasemdir: Trésmíðaverkstæði. Fór í snjóflóði þann 22. janúar 1983. Þetta hús er ekki í neinu fasteingamatinu, þar sem gloppa er milli 1932 og 1999.

? Olíuhús
Byggingarár: ?
Eigendur: 1916: Verzlun H B Stephensen
Athugasemdir: HJ: Óvíst hvar stóð og hvenær byggt. Löngu horfið (?fyrir 1932?).

? Geymsluhús
Byggingarár: ?
Eigendur: 1916: Verzlun H B Stephensen
Athugasemdir: HJ: Óvíst hvar stóð og hvenær byggt. Löngu horfið (?fyrir 1932?).

? Róluhús
Byggingarár: ?
Eigendur: 1916: Verzlun H B Stephensen
Athugasemdir: HJ: Óvíst hvar stóð og hvenær byggt. Löngu horfið (?fyrir 1932?).

? Hjallur
Byggingarár: ?
Eigendur: 1916: Verzlun H B Stephensen
Athugasemdir: HJ: Óvíst hvar stóð og hvenær byggt. Löngu horfið (?fyrir 1932?).

Húsanafnaskrá

- Arnarbakki 1-8, bls. 6
- Árnahús, Langahlíð 18, bls. 10
- Ásgarður, Langahlíð 26, bls. 10
- Ásgeirshús, Langahlíð 27, bls. 27
- Bakkatún, við Dalbraut, bls. 8
- Baldurshagi, Strandgata 7, bls. 12
- Barnaskólahús, Strandgata 5, bls. 12
- Bíldudalskirkja, bls. 10
- Björnshús/Sólheimar, Hafnarbr. 6, bls. 9
- Bót (Sæbót), bls. 13
- Bót litla, Sæbakki bls. 12
- Brauðgjörðarhús, Strandgata 1, bls. 12
- Brautarholt, Dalbraut 6, bls. 6
- Brekka (símstöð), Langhlíð 24, bls. 11
- Brekustígur 1-3, bls. 6
- Bryggjuhús, neðan við Hafnarbr. 2, bls. 9
- Bræðraminni, Dalbraut 25, bls. 7
- Dalbraut 1-58, bls. 6-8
- Dimmalimm, Hafnarbraut 10, bls. 9
- Edinborga, Dalbraut 1, bls. 6
- Eyri við Dalbraut, bls. 8
- Félagsheimilið, Tjarnarbraut 4, bls. 13
- Félagsmiðstöð, Brekkustíg 2, bls. 6
- Finnshús ~Dalbraut 8, bls. 6
- Fiskþvottahús, Strandgötu 10, bls. 12
- Fjánhús ofan Lönguhlíðar 18, bls. 14
- Fjánhús ofan Lönguhlíðar 17-19, bls. 14
- Geymsluhús, bls. 14
- Gilhagi, Dalbraut 35, bls. 8
- Gilsbakki, Dalbraut 34, bls. 8
- Gilsbakki, 1-8, bls. 8
- Gimli, Langahlíð 3, bls. 10
- Glaumbær, Tjarnarbraut 19, bls. 13
- Grunnskóli, Dalbraut 2, bls. 6
- Grænibakki, bls. 9
- Grænibakki 2-8, bls. 9
- Gullhamar, smíðahús, bls. 14
- Gömul sölubúð, ofan v. Hafn.br. 2, bls 9
- Hafnarbraut 2-16, bls. 9
- Hafnarlóð, bls.10
- Háspennistöð, bls.10
- Hlaða, upp af Smiðjustíg 2, bls. 11
- Hlíð, ofan við Dalbraut 12, bls. 7
- Hólmarahús/Ásgarður, L.hl.26, bls. 11
- Hús á Kaldbakka, Dalbraut 15, bls. 7
- Hvammur, Dalbraut 33, bls. 8
- Íshús og frystihús, Strand. 13, bls. 12
- Íslandspóstur, Dalbraut 8, bls. 6
- Jaðar, Langahlíð 43, bls. 11
- Kaupmannshús Pétrus Th., Hbr. 2, bls. 9
- Kirkjutorg, bls. 10
- Kristjánshús, Langahlíð 31, bls. 11
- Kríubakki 3-4, bls.10

- Landsbanki Íslands, Langahlíð 1, bls. 10
- Langahlíð 1-43, bls. 10-11
- Langiskúr, Strandgata 1-3 bls. 12
- Leikskóli, Tjarnarbraut 11, bls. 13
- Litli-Hvammur, neðan Dalbraut 33, bls. 8
- Lækjamót, Dalbraut 21, bls. 7
- Læknishús, Tjarnarbraut 2, bls. 11
- Maríuhús, Langahlíð 32, bls. 11
- Muggshús, bls. 14
- Nes, ~ Gilsbakki 7, bls. 8
- Nýibær (Nýabær), Dalbraut 12, bls. 6
- Olíuhús, bls.14
- Olíuverslunin, bls.11
- Orrastaðir, Hafnarbraut 14, bls. 9
- Rafstöð, bls. 11
- Róluhús, bls. 14
- Safnaðarheimili, Strandgata 5, bls. 12
- Sjóbúð, Langahlíð 34, bls. 11
- Slökkvistöð, Tjarnarbraut 8, bls. 13
- Smiðja, Smiðjustígur 2, bls. 11
- Smiðjustígur 1-2, bls. 11
- Smiðahús, Hafnarbraut 10, bls. 14
- Smiðahús,"Gullhamar", bls. 14
- Sólheimar, Hafnarbraut 6, bls. 9
- Strandgata 1-16, bls. 12
- Steinhús, Dalbraut 9 bls. 6
- Steinhús, Langahlíð 21, bls. 10
- Steinhús/Orrastaðir, Hafnarbr. 14, bls 9
- Svalborg, Strandgötu 6 bls. 12
- Sæbakki, bls. 12
- Sæbakki 2-6, bls 12-13
- Sæból bls. 13
- Sæbót, bls. 13
- Sælundur, bls. 13
- Sælundur 3, bls. 3
- Sölvahús, Dalbraut 13, bls. 7
- Tjarnarbraut 1-29, bls. 13-14
- Tröð, Dalbraut 10, bls. 6
- Útihús ofan Lönguhlíðar 19, bls. 14
- Valhöll, Tjarnarbraut 17, bls. 13
- "Vanngeymsluhús", n.v. Dalbr 1, bls. 6
- Vegamót, Tjarnarbraut 2, bls. 13
- Verbúð/Sjóbúð, Langahlíð 34, bls. 11
- Verkstjórahús, Smiðjustígur 1, bls. 11
- Verzlunarhús, v. hlið Smiðjust. 2, bls.11
- Vélahús, bls. 14
- Við bryggjusporðinn, bls. 14
- Við Lækinn, bls. 14
- Vinamót/Vinnaminni, Dalbraut 19, bls. 7
- Þorbergshús, Hafnarbraut 16, bls. 9

Þakkir:

Ég vil færa öllum þeim sem á einn eða annan hátt aðstoðuðu mig við gerð greinagerðar þessarar bestu þakkir. Þar ber fyrstan að telja Halldór Jónsson á Bíldudal sem safnað hefur ógrynni upplýsinga um húsasögu staðarins. Hann vann nánast alla forvinnuna og var óþreytandi að svara spurningum og leiðrétta villur. Þá vil ég þakka starfsfólki Náttúrustofu Vestfjarða, Þorleifi Eiríkssyni forstöðumanni og Petrínu Sigurðardóttir sem sá um kortagerð. Einnig Helgu Friðriksdóttir sem las próförk.

Heimildir:

Aðalskipulag Bolungarvíkur 1980-2000. Skipulag ríkisins. Desember 1981. Offsetmyndir sf. 1983 (Mannfjöldatölur bls. 24).

Ásgeir Jakobsson. *Bíldudalskóngurinn*, Athafnasag Péturs J.Thorsteinsonar. Skuggsjá. 1990.

Fasteignamat fyrir Suðurfjarðahrepp 1916.

Fasteignamat fyrir Suðurfjarðahrepp 1932.

Fasteignamat fyrir Vesturbyggð 1999.

Halldór Jónsson, Lönguhlíð 22, Bíldudal. Munnlegar upplýsingar, vinnublöð og kort.

Heimasíða Hagstofu Íslands www.hagstofa.is , mannfjöldatölur.

Hörður Þórðarson, Tómas Jóhannesson, Þorsteinn Sæmundsson ásamt heimamönnum í Vesturbyggð. Greinagerð um *snjóflóðaáðstæður vegna rýmingarkorts fyrir Bíldudal*. Greinagerð. Veðurstofu Íslands. Júlí 1997.


Kort af Bíldudal, á að giska 25-30 ára, í eigu Halldórs Jónssonar á Bíldudal.

Kort af Bíldudal í Micro-Station forriti, fengið hjá Veðurstofu Íslands.

Páll Líndal. *Bæirnir byggjast*, yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938. Skipulagsstjóri ríkisins og Sögufélag. Reykjavík 1982. Bls. 374-375.

Þorsteinn Jósefsson, Steindór Steindórsson. Landið þitt Ísland, 1. bindi, A-G. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. 1980. Bls.82-83.

Þorsteinn Sæmundsson, Tómas Jóhannesson, Jón Gunnar Egilsson. *Saga ofanflóða á Bíldudal 1902-1999*. Greinagerð. Veðurstofa Íslands. Apríl 1999.



Vedurstofa Íslands
 Byggingarár húsa á Beldudal
 Náttúrustofa Vestfjarða 2000
 Kort: 2

100 m

N

- Íbúðarhús
- Atvinnuhúsn., geymsluh., útihús, hjallur
- Hús horfið af sjónarsviðinu
- Hús teiknuð upp eftir öðrum heimildum
- * Snjóflóð eða aurskríða hefur fallið á hús
- ~ Artal oljóst
- ? Byggingarár óþekkt en hvarf ? 1956
- + Byggt eða horfið síðar en artalið segir
- f Byggt eða horfið fyrir tilteknið ár
- G=Geymsla H=Hjallur Ú=Útihús
- OV=Orkubú Vestfjarða